

Kópavogi, 5. mars 2018

Tillaga að breytingu á skilmálum skipulags fyrir Hlíðarenda, reiti 1.62, 1.628.8m sem samþykkir voru í Borgarráði 2015 með síðari tíma breytingum. Breytingin felst í breyttu orðalagi og kvöldum er varða grasilögð þök á svæðinu.

Textabreytingar í skilmálum verði eftirfarandi:

Kafli 2.12, bls. 22, síðasta málsgreinin:

„*Þök eru almennt grasilögð á öllu skipulagssvæðinu, þó ekki þök fimm hæða stigahúsa á reitum C-F eða íþróttamannvirki*“

Breytist og verður:

„*Þök á reitum C-F eru grasilögð, þó ekki fimm hæða stigahús,. Valkvætt en æskilegt er að þök annarra lóða verði grasilögð, þó ekki íþróttamannvirkja*“.

Kafli 2.19, bls. 24, 2. Málsgrein, 1. setning:

„*Lögð er áhersla á græn þök á byggingum og verða þök að miklu leyti lögð grasi, þó ekki þök fimm hæða stigahúsa.*“

Breytist og verður:

„*Þök á reitum C-F eru grasilögð, þó ekki fimm hæða stigahús. Valkvætt en æskilegt er að þök annarralóða verði grasilögð, þó ekki íþróttamannvirkja*“

Kafli 3.4.1Lóð G. Atvinnuhúsnæði, bls. 44, fyrsta málsgrein, síðasta setning:

„*Þök eru grasilögð og flöt, að hámarki 5°*“.

Breytist og verður:

„*Þök eru flöt, að hámarki 5°*“.

Kafli 3.4.2 Lóð H. Atvinnuhúsnæði, bls. 44, fyrsta málsgrein, síðasta setning:

„*Þök eru grasilögð og flöt, að hámarki 5°*“.

Breytist og verði:

„*Þök eru flöt, að hámarki 5°*“.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann 15. mars 2018 og í embæfgr. f. skipulfulltr. þann 18. maí 2018.

Tillagan var auglýst frá 28. mars 2018 með athugasemdaresti til 9. maí 2018.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20_____.

Björn Áslaug